

Fundargerð

Fundur í stjórn Foreldrafélags Leikskóla Seltjarnarness

25. janúar, 2011

Mættir eru: Soffía Guðmundsdóttir, Anna Harðardóttir, Saga Ómarsdóttir, Stephanie Smith, Þórður Rafn Ragnarsson, Magnhildur Magnúsdóttir, Hildur Elín Geirsdóttir og Haukur Hauksson. Sigrún Guðmundsdóttir og Kristín Þorleifsdóttir boðuðu forföll.

Innheimtur

Fyrsta mál á dagskrá eru heimtur í sjóðinn og er staðan í dag 308.000 þ.e. komin inn greiðsla fyrir 68 börn. Búið er að greiða jólasveina, jólagjafir og alla útistandandi reikninga nema fyrir stuðningsbarnið (SOS barnið).

Sendu á ítrekun í tölvupósti um að borga í foreldrafélagið á morgun og senda svo gíróseðil um miðjan febrúar til þeirra sem enn eiga þá eftir að borga.

Ennþá eru nokkrir reikningar skráðir á foreldrafélagið þ.e. 2 á Sólbrekkuforeldrafélagið, 1 á Mánabrekkuforeldrafélagið og 1 sem virðist vera skráður á einstakling. Stephanie vinnur í því að sameina þessa reikninga í einn reikning fyrir nýtt foreldrafélag og loka hinum þrem.

Dagskrá vetrarins

Leikrit

Athuga með leikrit í febrúar/mars og á að kanna brúðuleikritið Gilitrutt sem Bernd Ogrodnik sýnir. Hildur ætlar að sjá um það mál.

Myndataka

Saga ætlar að tala við Erling ljósmyndara hvort hann er tilbúinn að taka myndir af börnunum sem foreldrum gefst svo kostur á að kaupa.

Krakkahestar

Rætt um að bjóða upp á Krakkahesta í Maí og hafa þá eina og sér en ekki hluta af sumarhátíðinni.

Ferðir

Rætt um útskriftarferðir fyrir elstu börnin. Mánabrekka fór að Úlfljótsvatni í fyrra og Sólbrekka fór í sveitaferð, ekki búið að ákveða hvað verður gert í ár. Eins þarf að skoða ferðir sem hafa verið í boði fyrir aðra aldurshópa og kostnað á rútum þar sem foreldrafélagið hefur tekið þátt í kostnaði við þær ferðir.

Sumarhátíð

Sumarhátíðin verður skipulögð nánar síðar en fólk beðið um að hafa augun opin fyrir uppákomum og hagstæðum innkaupakjörum á veitingum. Hoppukastali var fenginn í fyrra á Sólbrekku og hafður uppi allan daginn og vakti það mikla lukku, spurning um að gera eitthvað þannig aftur.

Fundur með formanni skólanefndar/bæjarstjóra

Rætt um hvort hafa á fjöldafund með skólanefnd/bæjarstjóra eða hvort hafa bara fund með foreldrafélagi, foreldraráði og skólanefnd/bæjarstjóra. Fréttir bárust um að halda á Skólaping miðvikudaginn 2. mars næstkomandi þar sem fjalla á um skólamál á Seltjarnarnesi þ.e. leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og er þetta þing opið fyrir alla sem áhuga hafa á þessum málum. Í framhaldi af þessum upplýsingum var ákveðið að eðlilegra væri að halda bara fund með foreldrafélagi, foreldraráði og skólanefnd/bæjarstjóra og svo væri Skólapingið opinn fundir fyrir alla foreldra að koma á.

Haukur undirbýr fund með skólanefnd/bæjarstjóra

Ekki fleiri mál á dagskrá

Fundi slitið

18.30

Fundaritari

Magnhildur Magnúsdóttir